

REGLUR

um úthlutun úr Framkvæmdasjóði hinsegin málefna.

1. gr.

Tilgangur.

Í samræmi við verkefni 1 í þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022–2025 skal starfrækja sérstakan sjóð, Framkvæmdasjóð hinsegin málefna, tímabundið til fjögurra ára. Honum er ætlað að styðja við verkefni aðgerðaáætlunarinnar og eftirfylgni þeirra þannig að nýta megi niðurstöður, reynslu og þekkingu sem fæst með umræddum verkefnum.

2. gr.

Fjármunir og úthlutanir.

Sjóðnum eru lagðar til árlega 10 millj. kr. af fjárlögum árána 2022–2025. Forsætisráðuneytið úthlutar fé úr sjóðnum til annarra ráðuneyta árlega. Styrkur til hvers verkefnis getur aldrei numið hærri fjárhæð en 80% kostnaðaráætlunar og að jafnaði ekki hærri fjárhæð en 2 millj. kr. nema um umfangsmikið samstarfsverkefni milli ráðuneyta sé að ræða.

3. gr.

Skilyrði.

Verkefni sem fá úthlutað styrk þurfa að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- Vera á ábyrgð ráðuneytis enda þótt öðrum hafi verið falin framkvæmd þeirra.
- Fela í sér nýtingu á niðurstöðum, reynslu og þekkingu eða innleiðingu á tillögum úr aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar.

4. gr.

Upplýsingar um styrki.

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal forsætisráðuneytið senda öllum ráðuneytum bréf þar sem minnt er á styrkúthlutanir úr Framkvæmdasjóði hinsegin málefna og umsóknarfrest.

5. gr.

Umsókn um styrki.

Ráðuneyti skal sækja um styrki til forsætisráðuneytisins fyrir 15. mars ár hvert. Í umsókn skal koma fram nánari lýsing á verkefni, tenging við verkefni í aðgerðaáætlun um málefni hinsegin fólks sem og rökstuðningur fyrir því að veita skuli verkefninu styrk.

6. gr.

Skýldur ráðuneyta.

Ráðuneyti sem hefur fengið styrk úr Framkvæmdasjóði hinsegin málefna skal gera grein fyrir framvindu verkefnisins og ráðstöfun fjárens að sex mánuðum liðnum frá greiðslu styrksins. Greinargerð skal send til skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála í forsætisráðuneytinu.

7. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og jafnframt falla brott reglur nr. 977/2022.

Forsætisráðuneytinu, 17. október 2023.

Katrín Jakobsdóttir.

Bryndís Hlöðversdóttir.